

Erindisbréf Starfshópur, Krýsuvík framtíðarnotkun.

Hlutverk:

Hópurinn skal taka til skoðunar framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins. Hlutverk hópsins er að móta stefnu og gera tillögur um heildaruppbyggingu í Krýsuvík, hvaða starfsemi og þjónusta skuli gera ráð fyrir að verði þar í framtíðinni.

Í gegnum tíðina hafa komið fram ýmsar hugmyndir meðal annars um virkjanir og ferðaþjónustustarfsemi, s. s. uppýsingarmiðstöð, hótél, veitingasölu, stjörnuskoðun, norðurljósaskoðun o. s. frv.

Verkefni hópsins er að fjalla um þessar leiðir, kosti og galla og einnig að kalla eftir og fjalla um aðrar hugmyndir varðandi framtíðarnýtingu svæðisins.

Skipan hópsins:

Hópin skipa fimm fulltrúar tilnefndir af bæjarráði (bæjarráð tilnefnir formann).

3 frá meirihluta

2 frá minnihluta

Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið samþykkt af bæjarráði og skipað í hópin. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi að hámarki 10 sinnum. Áætlaður kostnaður er um kr. 1.500.000.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir bæjarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs, fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til bæjarráðs fyrir **1. nóvember 2019**

Starfsmaður hópsins

Með starfshópnum starfar

XXXXXXXXX

og aðrir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar eftir þörfum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku